

# Fundargerð

*Bogfimisamband Íslands BFSÍ*

Dagsetning: **22.12.2021 Kl. 20:50**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Guðmundur Örn Guðjónsson. Haraldur Gústafsson sat fundinn með fjarfundabúnaði. Ásdís Lilja Hafþórsdóttir mætti ekki til fundar og tilkynnti ekki forföll.**

Fundargerð ritaði: **Guðmundur Örn Guðjónsson**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

## 1. Staða/framkvæmd verkefna af fyrri fundum.

- 1.1. Uppfæra reglugerð um þjálfara á vefsíðu BFSÍ – Lokið
- 1.2. Umsókn í Afrekssjóð ÍSÍ – Lokið
- 1.3. Þjálfaranámskeið og umsóknir til OS – Í vinnslu

## 2. Samþykkt á milli funda

### 2.1. Breyta innkaupakorti Íþróttastjóra í gullkort (2.12.2021)

Vegna vandræða við heimildarmörk á innkaupakortum, þar sem ekki var nægilegt að leggja inn á kortið til þess að hækka heimild og þurfti að hringja í bankann í hvert skipti, og væri því erfitt að nota það t.d. til þess að greiða óvæntan kostnað tengt ferðum á mót. Ferðatryggingar fylgja einnig gullkortum og því starfsmaðurinn tryggður af BFSÍ í ferðum sínum.

#### 2.1.1. Samþykkt af meirihluta.

#### 2.1.2. Staða: Umsókn send til viðskiptabanka og er í vinnslu

### 2.2. Gefa formanni heimild til aðgangsstyringa á netbanka BFSÍ (2.12.2021)

Til þess að geta auðveldara

#### 2.2.1. Samþykkt af meirihluta.

#### 2.2.2. Staða: Breyting send til viðskiptabanka og er lokið

## 3. Tillaga um samþykkt allra tillaga í fundarboði án breytinga:

Tilgangur þessarar tillögu er að ef að sátt er þegar til staðar um öll atriði, í ítarlegu fundarboði sem formaður sendir út, að mögulegt sé að samþykkja allar tillögur í fundarboði einu bretti og ljúka fundi fyrr. Ef tillagan er samþykkt einróma þá telst allt neðangreint samþykkt í samræmi við fundarboðið og er þá farið beint í liðinn „Önnur mál“. Ef tillagan er ekki samþykkt einróma verður farið yfir hverja tillögu í fundarboði fyrir sig lið fyrir lið.

### 3.1. Opnað fyrir umræður tengt tillögunni: Allir stjórnarmenn hafa lesið ítarlega fundarboðið og eru mjög ánægðir með tillöguna og þetta fyrirkomulag. Stjórnarmenn óskuðu einnig eftir því að slík tillaga sé einnig lögð til á stjórnarfundum í framtíðinni. Formaður fer snöggt yfir þau atriði í fundarboði til að tryggja að allir séu upplýstir um allar tillögur.

### 3.2. Tillaga samþykkt einróma.

### 3.3. Formaður mun bæta þessari tillögu inn í fundarboð í framtíðinni í samræmi við óskir stjórnarmanna.

#### **4. Tillaga að ráðningu starfsmanna í afreksstarf:**

Ráðning starfsmanna í afreksstarf í samræmi við lið F.2. í heildarstefnu BFSÍ sem kynnt var á Bogfimiþingi 2021 (með fyrirvara um úthlutun úr Afrekssjóði í samræmi við umsókn sem send var inn fyrir árið 2022. Ef þær forsendur breytast, sem sagt BFSÍ er ekki flokkað sem B/Alþjóðlegt samband, verður ekki ráðið í stöðurnar að svo stöddu). Endanlega langtíma markmiðið með þessu starfsmanna fyrirkomulagi er að byggja sterkan grunn að afreksstarfi ungmenna, sem mun á endanum skila sér í fullorðins flokka í framtíðinni. Að dreifa hæfileikamótun og landsliðsþjálfun ungmenna á fleiri þjálfara, þannig að allt afreksstarf sambandsins lendi ekki í uppnámi eða fyrir mikilli röskun ef starfsmanna breytingar verða (s.s. ef að allt afreksstarf stendur og fellur með einum landsliðsþjálfara eða Íþróttastjóra). Einnig mun þetta mynda grunn að því að skapa reynslu meðal Íslenskra þjálfara í stað þess að leita á erlend mið, og mun skapa einstaklinga innanlands með reynslu af afreksstarfi sambandsins sem geta tekið við stöðu Íþróttastjóra í framtíðinni.

##### **4.1. Þjálfari í afreksstarfi 10% starfshlutfall í hæfileikamótun og U18 landslið sveigboga árssamningur 2022**

4.1.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 3.

##### **4.2. Þjálfari í afreksstarfi 10% starfshlutfall í hæfileikamótun og U18 landslið trissuboga árssamningur 2022**

4.2.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 3.

##### **4.3. Ef ráðning er samþykkt liggur fyrir tillaga um að gefa Íþróttastjóra heimild að endurnýja samninga viðkomandi starfsmanna árlega eða auglýsa eftir öðrum þjálfara í stöðuna, ef að forsendur á styrkveitingum árlega til afreksstarfs haldast þær sömu eða batna.**

4.3.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 3.

##### **4.4. Ef ráðning er samþykkt liggur fyrir tillaga um að farið verði eftir launatöxtum VR „Afpreyingar- og ferðapjónustufyrirtæki, samsett störf“**

4.4.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 3.

##### **4.5. Ef ráðning er samþykkt liggur fyrir tillaga um að formaður (starfandi framkvæmdastjóri) sjái um ráðningu í stöðurnar.**

4.5.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 3.

#### **5. Tillaga um ráðningu starfsmanns BFSÍ í allt að 80% stöðu:**

Framkvæmdastjóri snéri ekki aftur til baka eftir leyfi og er því sá ráðningarsamningur nú fallinn úr gildi. Formaður tók tímabundið við verkefnum framkvæmdastjóra launalaust en ljóst er að of mikið álag er á formanninum. Þörf er á að létta á verkefnum af formanninum og ráða starfsmann. Óskað er eftir heimild til ráðningu starfsmanns BFSÍ í allt að 80% stöðu.

##### **5.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 3.**

##### **5.2. Ef ráðning er samþykkt liggur fyrir tillaga að ráða Valgerði Einarsdóttir Hjaltested í þetta lausa starf á tímabundnum ráðningarsamningi til eins árs til reynslu.**

5.2.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 3.

##### **5.3. Ef ráðning er samþykkt liggur fyrir tillaga um að farið verði eftir launatöxtum VR „Afpreyingar- og ferðapjónustufyrirtæki, samsett störf“**

5.3.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 3.

#### 5.4. Ef ráðning er samþykkt liggur fyrir tillaga um að formaður (starfandi framkvæmdastjóri) sjái um ráðningu í stöðurnar.

##### 5.4.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 3.

### 6. Önnur mál.

- 6.1. Íþróttastjóri kynnir „Technical Delegate“ námskeið á vegum Evrópusambandsins í janúar. Áætlað að senda 1-2 þátttakendur ef mögulegt er, helst starfsmenn sambandsins. Felst undir liðinn menntun/endurmenntun alþjóðlegra dómara í Afrekssstefnu BFSÍ og umsókn til Afrekssjóðs ÍSÍ. Gott verkefni til að stuðla að þróun mótahalds á Íslandi og undirbúning þess að halda alþjóðleg stórmót á Íslandi
- 6.2. Íþróttastjóri kynnir International Schools Federation (ISF) og Heimsleika framhaldsskóla (Gymnasiade). Engin íþróttasamtök framhaldsskóla eru til á Íslandi og því er Ísland ekki aðili að ISF sem stendur. Íþróttastjóri hefur verið að vinna í undanþágu til þátttöku á leikunum síðan 2019, en setti það á pásu í kórónuveirufaraldrinum. Síðustu leikar voru 2018 í Marrakesh Marokkó, 2020 leikunum í Kína var frestað til 2021 og svo aftur til 2022. Því verða tveir leikar árið 2022, í Jinjiang Kína og í Normandí í Frakklandi. Nú er útlit fyrir að þátttaka BFSÍ á leikum verði leyfð þrátt fyrir að Ísland sé ekki aðili að ISF en það mun skýrast formlega á næstu vikum. Miðað er þá á að senda þátttakendur á leikana í Normandí 2022 sem fæddir eru 2004, 2005 og 2006 og að þessir leikar verði hluti af landsliðverkefnum ungmenna ef allt gengur upp.
  - 6.2.1. Varaformaður tjáði að hann hefði heyrt af þessu verkefni á heimsþingi WA og var gífurlega spenntur fyrir því. Hann varð fyrir miklum vonbrigðum þegar hann frétti af því að Ísland væri ekki aðili að ISF og gæti því ekki tekið þátt. Varaformaður tjáðist vera gífurlega ánægður með þetta frumkvæði Íþróttastjóra og vonar innilega að það gangi eftir.
- 6.3. Staða umsóknar í Afrekssjóð ÍSÍ. Fundað var með Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ sem sendi umsóknina óbreytta og athugasemdalaus áfram til Afrekssjóðs ÍSÍ sem er nú að vinna í að flokka sérsambönd og ákvarða úthlutun. Ríkisstjórnin hefur ekki en samþykkt fjárlagafrumvarp 2022 og því er en óvissa um hver úthlutun verður í Afrekssjóðs ÍSÍ. Vonast er til að allt verði orðið ljóst milli jóla og nýárs eða í byrjun janúar 2022.
  - 6.3.1. Gjaldkeri tjáði að önnur umræða fjárlaga hafi verið í gangi í dag hjá fjárlaganefnd ríkisins og að líklegt sé að þau verði samþykkt í milli jóla og nýárs. Gjaldkeri tjáði einnig að í þeim sé óbreytt upphæð til Afrekssjóðs og því líklegt að upphæðir haldist þær sömu og hafa verið áður.
- 6.4. Kynning formanns á stefnumótunar málum, góðum stjórnháttum og niðurstöðum úr National Sports Government Observer (NSGO) rannsókn sem gerð var í apríl. BFSÍ kom vel út í rannsókninni og var í 10-12 sæti af 34 sérsamböndum innan ÍSÍ. Rannsóknin var gerð þegar sambandið var aðeins 14 mánaða gamalt og því vel af sér vikið að sambandið þrátt fyrir ungann aldur setji sig þetta hátt á lista í góðum stjórnháttum. Markmið stjórnar er að vera fyrsta sérsamband á Íslandi að verða „fyrirmyndar sérsamband ÍSÍ“ þegar ÍSÍ skapar slíka viðurkenningu. En slíkar viðurkenningar eru þegar til staðar fyrir íþróttafélög og íþróttahéröð. Að mörgu þarf að huga til þess að ná því markmiði. Stjórnarmenn eru hvattir til að vinna í verkefnum sem færa BFSÍ í átt að því markmiði og vísað var í gögn í sameiginlegri skjalageymslu stjórnar BFSÍ. Einnig var rætt um að setja í hendur starfsmanna BFSÍ að setja upp drög að stefnum, þegar tími gefst til frá öðrum störfum, og leggja drögin fyrir stjórn til skoðunar/athugasemda/samþykktar. Áætlað er að byrja á Umhverfisstefnu BFSÍ.
- 6.5. Formaður ræðir um undirbúning Formannafunds BFSÍ í mars 2022. Áætla að halda fundinn

sem Teams fjarfund vegna kórónuveirufaraldursins sunnudaginn 13 mars. Skjöl tengt formannafundi eru í vinnslu (ársskýrsla, ársreikningur, yfirferð Afreksstefnu BFSÍ og slíkt). Við tökum upp skjöl og annað tengt formannafundi til samþykktar þegar nær dregur fundinum og skjölin eru tilbúin.

- 6.6. Formaður ræðir um 9 grein laga BFSÍ og þörf á nánari skilgreiningum í þeirri grein á vissum atriðum. Vert væri að skýra betur málfar í nokkrum greinum í lögunum í samræmi við þær 274 spurningar sem voru hluti af NSGO rannsókn um góða stjórnhætti sem rædd var fyrr á fundinum.

Fundi slitið kl. **21:30**